*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 131/199
*komudagur* 25.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2004

**Efni: Umsögn Félags fasteignasala**

Með bréfi dags. 16. nóvember s.l. var Félagi Fasteignasala sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998„ 220 mál. hámark lánshlutfalls. Bréfið barst á eldra heimilisfang félagsins og barst þ.a.l. ekki fyrr en í dag til skrifstofunar.

Félag fasteignasala þakkar fyrir að fá að koma á framfæri athugasemdum sínum. Félagið vill koma á framæri stuðningi við þær lagabreytingar er miða að því að hækka lánsfjárhlutfall í 90 % af verðgildi eigna en það er mjög í samræmi við það sem að bankar og sparisjóðir hafa á undanförnum mánuðum boðið íbúðarkaupendum upp á.

Eins og kunnugt er hafa lán banka og sparisjóða til fasteignakaupa sætt þeim takmörkunum að boðið er lægra lánshlutfall utan helstu þéttbýlissvæða. Félag Fasteignasala telur það mjög brýnt að allir landsmenn búi við jafnræði og njóti góðs aðgengis að lánsfjármagni til kaupa íbúðarhúsnæðis en lögin styrkja það sjónarmið verulega.

Að öðru leyti gerir félagið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Grétar Jónasson hdl.,
framkvæmdastjóri FF